

Sveitarstjórn - 315 (18.6.2019) - Fjármögnun framkvæmda og rekstrarform Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses.

Málsnúmer : 201810099
Málsaðili : Leiguíbúðir Dalvíkurbyggða hses
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 18.06.2019

Inngangur : Jón Ingi Sveinsson vék af fundi undir þessum lið kl. 08:17.

Með fundarboði fylgdu upplýsingar um samskipti sveitarstjóra, fyrir hönd Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses, við Íbúðalánasjóð, Lánasjóð sveitarfélaga vegna fjármögnunar framkvæmda Leiguíbúðanna. Fyrir liggur að Lánasjóður sveitarfélaga lánar ekki til hses félaga. Einnig liggur fyrir að vegna stofnframlags frá Ríkinu er ekki hægt að taka félagið úr rekstrarforminu hses nema endurgreiða stofnframlagið. Þá lagði sveitarstjóri fram mat KPMG á lántöku fyrir félagið.

Niðurstaða : Til máls tók:

Jón Ingi Sveinsson, sem gerði grein fyrir vanhæfi sínu hvað þennan lið varðar og vék fundi við umfjöllun og afgreiðslu kl. 16:30.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 6 atkvæðum ofangreinda afgreiðslu byggðaráðs um lántöku vegna Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses, Jón Ingi Sveinsson tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu vegna vanhæfis.